



Akraneskaupstaður

## REGLUR UM STÖÐULEYFI

### 1. gr.

Gámar skulu vera staðsettir innan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu gáma, sbr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

### 2. gr.

Allir sem eru með gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, og stór samkomutjöld skulu sækja um stöðuleyfi til skipulags- og byggingarfulltrúa ef framangreindir lausafjármunir eiga að standa lengur en two mánuði utan þeirra svæða sem þeim er ætlað samkvæmt skipulagi, sbr. b. liður 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

### 3. gr.

Sé eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi gáms eða annars lausafjármunar veitt stöðuleyfi eða viðkomandi hlutur staðsettur utan skipulags svæðis ætlað gánum eða öðrum lausafjármunum til skemmri tíma (skemur en two mánuði) skal staðsetja hann þannig að almenningi stafi ekki hætta af og ekki sé hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi húsi. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað sbr. 3. mgr. 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

### 4. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að fjarlægja þá lausafjármuni sem getið er í 2. gr. og eru án stöðuleyfis. Eiganda eða ábyrgðarmanni skal veittur eðlilegur frestur til að fjarlægja þá, þó aldrei lengri frestur en einn mánuður, að öðrum kosti verður það gert á kostnað eiganda eða ábyrgðarmanns. Sama á við að breytu breytanda ef handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki kröfur stöðuleyfis, sbr. 2.6.2. gr. reglugerðar nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

### 5. gr.

Fyrirtæki sem eru í gámaflutningum, tilkynni skipulags- og byggingarfulltrúa, fjölda gáma sem ekki á að rukka vegna flutninga.

### 6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akraness, var samþykkt 8/9 2015 staðfestist hér með, með vísan til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum, og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum. Öðlast gildi við birtingu undirritunardag.

**Samþykktar í skipulags- og umhverfisráði þann 20. ágúst 2015.**

**Samþykktar í bæjarstjórn Akraness þann 8. september 2015.**

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri